



Úr aðalskipulagi Norðurlþingis 2010-2030 / Húsavík, samþykkt af umhverfisráðherra 22.12.2010. - Mkv. 1 : 10.000



Breyting á aðalskipulagi Norðurlþingis 2010-2030 / Mkv. 1 : 10.000 [ - - - - - mörk deiliskipulags bætt við ]

- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Hafnarsvæði
- Blönduð landnotkun: hafnarsv. og verslunar- og þjónustusvæði

Í aðalskipulagi Norðurlþingis 2010-2030 sem var samþykkt af umhverfisráðherra þann 22. des. 2010 eru skilgreindir þrjú landnotkunarflokkar á miðhafnarsvæði Húsavíkur:

- 1: **Miðsvæði (M1)** er meðfram Garðarsbraut (ofan bakka) frá Naustagili og rúmlega að gatnamótum Garðarsbrautar og Stóragarðs. [ er hluti af samfelldu miðsvæði, M1, sem er að öðru leyti austan við Garðarsbraut ]
- 2: **Hafnarsvæði (H5)** er syðst á svæðinu og nær yfir fiskvinnslufyrirtæki (Vísir), gömlu sildarverksmiðjuna, hafnarvigt og almennt athafnasvæði umhverfis hana. [ er hluti af samfelldu Suðurhafnarsvæði, H5, sem er að öðru leyti við Suðurgarð ]
- 3: **Blandað svæði** fyrir verslun og þjónustu (V1) og hafnarsvæði (H4) er aðallega á Hafnarstéttinni norðan við fiskvinnslufyrirtæki og hafnarvigt.

Nú er gert ráð fyrir að starfsemi í menningu og ferðaþjónustu, **Garðarshólmur**, muni koma í gömlu sildarverksmiðjunni, Hafnarstétt 33, syðst á svæðinu, sem í aðalskipulagi er skilgreint sem hafnarsvæði (H5).

Garðarshólms verkefnið er hugsað sem miðstöð fyrir umhverfisumræðu á grundvelli siglinga, landndnám og umhverfisbreytinga á Íslandi eftir landnám, og er það kynnt sem mikilvæg viðbót við ferðaþjónustu á Húsavík þar sem sýningar og starfsemi Garðarshólms munu laða að sér fjölda ferðamanna. Samkvæmt einkennum Garðarshólms verkefnisins á það heima á svæði fyrir verslun og þjónustu (eða á miðsvæði), en húsnæðið er sem sagt staðsett á hafnarsvæði. Þarf því að breyta aðalskipulaginu.

Unnin er tillaga að deiliskipulagi miðhafnarsvæðis Húsavíkur sem gerir ráð fyrir að Garðarshólms verkefnið fái húsnæði í gömlu sildarverksmiðjunni. Samsíða auglýsingu hennar verður auglýst breyting á aðalskipulagi Norðurlþingis 2010-2030 sem felur í sér að sá hluti hafnarsvæðis H5 sem er **austan** við Hafnarstétt - um 0,8 ha - er breytt úr hafnarsvæði (H5) í **blandað svæði**, þ.e. hafnarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu (V1 / H4).

Breyting af uppdrátti aðalskipulagsins er sýnd hér til vinstri og er texta greinargerðar aðalskipulags breytt til samræmis eins og segir hér að neðan (breytingar með rauðu):

- [ Bls. 14: " V1 / H4 1,2 ha **Bakkinn og Hafnarstétt** Svæðið tekur til bakkans og Hafnarstéttarinnar frá gamla slippnum að frystihúsinu." > breytt í > " V1 / H4 **2,0 ha Bakkinn og Hafnarstétt** Svæðið tekur til bakkans og Hafnarstéttarinnar frá gamla slippnum að **Árgili**." ]
- [ Bls. 17: " V1 / H4 1,2 ha **Bakkinn og Hafnarstétt** " > breytt í > " V1 / H4 **2,0 ha** " ]
- " H5 3,5 ha **Suðurgarð** " > breytt í > " H5 **2,7 ha** "

Að öðru leyti er texti aðalskipulagsins óbreyttur

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. / 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í bæjarstjórn Norðurlþingis


þann 18. september 2012

*Björgvin Elías Þorsteinsson*  
Norðurlþing

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 18. október 2012

*Gudrún Elías Þorsteinsson*  
Olafur Þorsteinsson Halldórsson



**MANNVIT**  
VERKFRÆÐISTOFA

GRENSÁSVEGI 1, 108 REYKJAVÍK, Sími: 422 3000, Fax: 422 3001  
VEFFANG: www.mannvit.is NETFANG: mannvit@mannvit.is

HEITI VERKS:

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI  
NORÐURLÞINGIS 2010-2030**

[ HÚSAVÍK / MIÐHAFNARSVÆÐI ]

HEITI TEIKNINGAR:

**AÐALSKIPULAGSBREYTING**

TEIKNAD:	PLC	BLAD NR.	N. BL. NR.	TÖLVUSKRÁ:	VNR:
HANNAÐ:	PLC	YFIRFARID:	MKV:	1 : 10.000 / A4	1.681.239
DAGS. UNDIRSKRIFTAR:	NAFN OG KT. HÖNNUDAR:		MANNVIT 430572-0169		NR. TEIKNINGAR: <b>S-201</b>
UNDIRSKRIFT HÖNNUDAR:	ÚTGÁFA: B-01				

Aðalskipulagsbreyting þessi er unnin hjá Mannviti, Húsavík, af Per Christensen, arkitekt FAÍ í samráði við skipulags- og byggingamefnd, framkvæmdar- og hafnanefnd og bæjarstjórn Norðurlþingis.